

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SÚÐURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2021

Málsnúmer: 2021020082
Málalykill: 15.3.4

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um Fjarskiptastofu

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) vísar til frumvarps til laga um Fjarskiptastofu, sbr. þingskjal nr. 852 – 506. mál. Hefur stofnuninni gefist kostur á því að skila inn umsögn um frumvarpið.

Fjarskiptataekni er í eðli sínu í sífelldri þróun. Frá því að þráðlaus farnetsþjónusta leit dagsins ljós hefur gagnaflutningur í farnetum tekið stórstígum framförum. Notendur hafa aðgang að ýmsum farnetslausnum sem margar kalla á mikla bandbreidd og gagnaflutningshraða. Sú framtíð blasir nú við að internetið verður í raun allt um lykjandi með þjónustubáttum sem byggja á nettengdum hlutum sem stýrðir eru með gervigreind. Þetta er í raun breyting á samfélagsgerð sem kölluð hefur verið fjórða iðnbyltingin. Fjarskipti verða ekki lengur eingöngu notuð fyrir samskipti manna á milli heldur verða þau notuð fyrir stýringar á ýmsum innviðum og þjónustum, t.d. umferðarstýringar, sjálfkeyrandi bílar, iðnaðar- og orkustýringar og fjarstýrð lækningatæki svo fátt eitt sé nefnt.

Framgreind breyting felur í sér að allir geirar samfélagsins munu reiða sig á fjarskipti sem þurfa að vera í öruggum og samfelldum rekstri til þess að samfélagið hljóti ekki skaða af. Þá er ljóst að þessi tæknivædda samfélagsgerð þarf að standa öllum landsmönnum til boða óháð búsetu eða landfræðilegri staðsetningu. Á umliðnum árum hefur evrópsk fjarskiptalöggjöf tekið gagngerum breytingum til að styðja við þessa þróun, bæði hvað varðar uppbyggingu fjarskiptainnviða og öryggi þeirra. Til marks um þetta má nefna nýlegar tilskipanir Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2014/61/EB um hagkvæma uppbyggingu háhraðaneta, nr. 2016/1148/EB um net- og upplýsingaöryggi (NIS), nr. 2018/1972/EB um fjarskipti (Kóðinn) og reglugerð nr. 2019/881/EB um Netöryggisstofnun Evrópu (ENISA).

Að áliti PFS endurspeglar frumvarp um nýja lagaumgjörð fyrir stofnunina þá tækniþróun sem orðið hefur og mikilvægi þess að styðja við uppbyggingu fjarskiptainnviða og ráðstafanir til að tryggja öryggi innviðanna og virkni þeirrar þjónustu sem á þeim byggja. Í raun má segja að með þeim nýju verkefnum sem hafa þegar hafa verið falin PFS og þeirra sem framundan eru á komandi misserum og árum hafi gerbreytt stofnuninni frá því sem hún var við stofnun hennar fyrir um rúmlega tuttugu árum síðan. Þá var hægt að skilgreina stofnunina fyrst og fremst sem sérhæft samkeppnisstjórnvald á fjarskipta- og póstmörkuðum. Þrátt fyrir áherslubreytingar í starfsemi stofnunarinnar verður markaðsmótun til virkrar samkeppni á fjarskiptamarkaði ennþá mjög mikilvæg, en henni er nú ætlað að styðja við uppbyggingu fjarskiptainnviða með sértækum samkeppnisreglum, t.d. varðandi samstarf samkeppnisaðila og sameiginlegra fjárfestinga þeirra, sem á móti kallar á sértækt eftirlit á þessu sviði.

Ákvæði frumvarpsins bera þess glögg merki að ætlunin sé að eftirlitsstjórnvaldið í fjarskiptum eigi að vera framsækið, tæknivætt og þjónustumiðað stjórnvald sem hafi umboð og getu til að stuðla að uppbygginu næstu kynslóða fjarskiptaneta með nýsköpun og sjálfbærni að leiðarljósi.

Að sama skapi að stjórnvaldið hafi frumkvæði að því að viðhafðar séu ráðstafanir til að verja fjarskiptainnviðina fyrir sívaxandi og margbreytilegum ógnum sem að þeim steðja. PFS þykir ekki vera tilefni til að fjalla um einstök ákvæði frumvarpsins fyrir utan 8. gr. þess sem fjallar um hlutverk PFS í almannavarnarástandi.

Frá því að gerð var gangskör að því að fjarskiptafyrirtækjum væri gert að taka upp kerfisbundið, skjalfest og áhættugreint öryggisskipulag, með breytingu á fjarskiptalögum frá árinu 2007, hefur PFS gengt virku hlutverki við að stuðla að vernd og heildstæði fjarskiptaneta. Í fyrstu var hlutverk stofnunarinnar fólgið í útfærslu á reglum og leiðbeiningum í þessum efnum og síðar að fylgja eftir innleiðingu þessara reglna með prófunum og úttektum. Við framkvæmd þessara verkefna hefur PFS með árunum öðlast þekkingu og almenna yfirsýn yfir öryggi fjarskiptainnviða í landinu. Afleiðing þessa hefur m.a. verið sú að á undanförunum árum hefur stofnunin ávallt verið kölluð til þegar upp hefur komið neyðarástand sem ógnað gæti öryggi fjarskiptainnviða eða þegar tryggja þarf örugg fjarskipti í slíku ástandi.

Hins vegar hefur þetta viðbragðshlutverk PFS í almannavarnarástandi ekki verið útfært í lögum. Að mati PFS er 8. gr. frumvarpsins góð bragarbót í þeim efnum. Á hinn bóginn telur PFS að styðja þurfi við þetta hlutverk stofnunarinnar með frekari efnisákvæðum í fjarskiptalögum, þ.e. við hvaða skilyrði hún geti beitt tilteknum stjórnsýsluúrræðum sem viðbragðsaðili og hvers efnis slík úrræði geti verið. Sömuleiðis telur PFS að það þurfi að áætla mögulegt umfang þessa verkefnis og kostnaðarmeta það.

Eins og umhverfis- og samgöngunefnd er kunnugt að þá liggur fyrir Alþingi frumvarp til nýrra fjarskiptalaga. Því vill PFS að lokum benda á mikilvægi þess að afgreiðsla á þessum tveimur frumvörpum haldist í hendur sé þess nokkur kostur, án þess þó að mögulegur dráttur á öðru þeirra verði á kostnað hins.

Virðingarfyllt,


Björn Geirsson